



Reykjavík, 15. apríl 2024

VEL24030036

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um öldrunarráðgjafa á miðstöðvum og fíkniráðgjafarteymi

Þann 13. mars 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um öldrunarráðgjafa á miðstöðvum og fíkniráðgjafarteymi:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um fjölda öldrunarráðgjafa á miðstöðvum borgarinnar og hvort eigi að endurvekja fíkniráðgjafarteymið. Á fundi velferðarráðs 7. febrúar fengu fulltrúar ráðsins kynningu á starfsemi Norðurmiðstöðvar. Í þeirri kynningu kom fram að á þjónustusvæði Norðurmiðstöðvar er hlutfall eldri íbúa hærra en á öðrum þjónustusvæðum borgarinnar. Kom jafnframt fram að starfandi öldrunarráðgjafar væru flestir starfandi á Norðurmiðstöð. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hversu margar öldrunarráðgjafar eru starfandi á öllum miðstöðvum borgarinnar. Það kom einnig fram í kynningunni að einungis einn starfsmaður væri starfandi í fíkniráðgjafarteyminu og það kom ekki fram hvort ráða ætti bót á því. Því spyr fulltrúi Flokks fólksins hvort eigi að fá starfsfólk í teymið og endurvekja það?

Svar:

Á vegum velferðarsviðs er rekin umfangsmikil ráðgjöf við eldra fólk og aðstandendur þeirra. Unnt er að leita ráðgjafar og leiðbeiningar um ýmsa þætti, s.s. réttindum, virkni, velferðartækni og umsóknum um þjónustu sem einstaklingur kann að þurfa á að halda. Þar má t.d. nefna leiðbeiningar um sjálfstæða búsetu og þjónustu sem Heimþjónusta Reykjavíkur veitir. Ráðgjöfin er þannig einstaklingsmiðuð og er veitt með rafrænum hætti, á miðstöðum og á heimilum fólks, eftir atvikum.

Í febrúar s.l. tók til starfa rafræn öldrunarráðgjöf en í því felst að Rafræn miðstöð tekur nú við símtölum og rafrænum beiðnum um viðtal ef þörf er á því. Þjónustan er veitt af reyndum öldrunarráðgjafa. Unnt er bóka viðtal við ráðgjafa sem hefur samband og veitir leiðsögn um málefni eldra fólks. Ef þörf er á frekari ráðgjöf eða stuðningi er einstaklingi/aðstandanda beint til miðstöðvar til viðtals. Með þessu móti er almennum og einfaldari fyrirspurnum beint á miðlægan stað hjá Rafrænni miðstöð sem leyst getur þau á skilvirkan hátt, en flóknari málum er sinnt í nærumhverfi einstaklingsins á miðstöð.

Í Norðurmiðstöð eru fjögur stöðugildi við öldrunarráðgjöf, eitt í Austurmiðstöð, eitt í Vesturmiðstöð og við rafræna ráðgjöf hjá Rafrænni miðstöð starfar einn öldrunarráðgjafi. Ekki hefur verið rekið fíkniráðgjafarteymi í þjónustu við eldra fólk í Reykjavík, en haustið 2021 tóku til starfa fíkniráðgjafar á grunni samnings velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Reykjavík



og Sjúkratrygginga Íslands um heimahjúkrun. Til grundvallar þjónustu þeirra sem starfa samkvæmt þeim samningi þarf þjónustuþegi að vera innritaður í heimaþjónustu. Reynslan hefur sýnt að þörfin í þeim hópi er sérhæfð og takmörkuð en aðgengi hefur verið, ef þörf skapast, að fíkniráðgjafa heimaþjónustunnar sem starfandi er í Austurmiðstöð.



Reykjavík